

**Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar
um málefni barna með tal- og málþroskaröskun.
Þingskjal 80 - 80. mál.**

Félagsmálaráð Akureyrar tekur undir nauðsyn þess að endurskoða málefni barna og ungmenna með tal og málþroskaröskun. Þjónustan við þennan hóp er ófullnægjandi og regluverkið í kringum hana of flókið. Það birtist í því að óljóst er hvaða börn falla undir Sjúkratryggingar Íslands (SÍ). Samkvæmt nýjum rannsamningi SÍ og sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga er verið að ætla sveitarfélögunum hlutverk og kostnaðarpátttöku sem ekki hefur verið samið um. Akureyrarbær hefur greitt talþjálfun fyrir börn sem ekki falla undir ofangreindan rannsamning. Að undanförunu hefur beiðnum um talþjálfun til bæjarins fjölgað verulega sem sýnir að þeim fer fækkandi sem SÍ greiðir fyrir. Bærinn hefur ekki haft tæk á því að sinna þessum beiðnum með tilheyrandi kostnaði og þess vegna hefur hópur barna verið án nauðsynlegrar þjónustu. Samkvæmt upplýsingum frá öðrum sveitarfélögum er sambærileg staða þar.

Nauðsynlegt er að komið verði á skýrri verkaskiptinu á milli ríkis og sveitarfélaga varðandi þessa þjónustu og reglur um hana verði gagnsæjar. Þannig verði komið í veg fyrir að ríki og sveitarfélög vísi hvort á annað sem bitnar beint á börnunum og fjölskyldum þeirra.

Akureyri 14. nóvember 2012.

F. h. félagsmálaráðs Akureyrar
Guðrún Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri.